



Fundargerð:

**Fundur var haldinn í stjórn SSA fimmtud. 29. sept. 2011. Hófst kl. 17:00.
Fundarstaður: Hótel Hallormsstaður, Hallormsstað.**

Fundinn sátu: Valdimar O. Hermannsson, Páll Baldursson, Gauti Jóhannesson, Stefán Bogi Sveinsson, Sigrún Blöndal, Þórunn Egilsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir. Auk þess sat fundinn frkvstj. SSA, Björn Hafþór Guðmundsson og ritaði fundargerð. Valdimar stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar SSA o.fl.:

- a) Fundargerð frá 25. ágúst 2011.
- b) Fundargerð frá 6. sept. 2011.
- c) Fundargerð frá 9. sept. 2011.
- d) Framkvæmdaráð SSA frá 9. sept. 2011.
Fundargerðir skv. liðum 1 a) – 1 d) staðfestar.
- e) Minnispointar frá suðurferð form. og frkvstj. SSA 21. sept. 2011.
Nokkur umfjöllun varð um málið og út frá henni spratt umræða um hlutv. Nýsköpunar-
miðstöðvar Íslands í atvinnuþróun og ónóga tengingu við stoðstofnanir á starfssvæði
SSA. Flutt verður tillaga á aðalfundinum með það markmiði að efla tengslin, enda er það
í samræmi við boðaðan vilja iðnaðarráðherra í þeim efnum.

2. Frá Landshlutasamtökum sveitarfélaga:

- a) SASS, fundarg. 446. fundar stjórnar frá 9. sept. 2011.
- b) SSV, fundargerð stjórnar 25. ágúst 2011.
- c) SSV 31. ágúst. v/ gátlista frá nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins.
Liðir 2 a) – 2 c) lagðir fram til kynningar.

3. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga:

- a) Fundargerð 789. fundar frá 9. sept. 2011. Fundarg. lögð fram til kynningar.

4. Aðrar fundargerðir:

- a) Stjórn Héraðsskjalasafns Austurlands 12. sept. 2011. Fundarg. lögð fram til kynningar.

5. Frágangur gagna v/ útgöngu Skeggjastaðarhrepps og Sv.fél. Hornafjarðar úr SSA.

Frkvstj. kynnti stöðu málsins. Ekki er annað vitað en að öll aðildarsveitarfélög SSA munu samþykka málsmeðferðina, sem stjórn SSA hefur staðfest fyrir sitt leyti og í framhaldi af því verður hægt að ganga frá skjölum og greiðslum v/ samkomulagsins. M.a. verður gerð grein fyrir lausninni í skýrslu stjórnar fyrir aðalfundinn og einnig í greinargerð með ársreikningum fyrir 2010 sem og sjálfum ársreikningnum.

6. Ársr. Msj. Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar árið 2010.

Helztu niðurstöðutölur eru:

Tekjur:	12.000.-
Gjöld:	680.000.-
Fjármagnsliðir:	263.673.-
Rekstrarhalli:	404.327.-

Tap ársins er tilkomið vegna þess að úthlutað var 600 þús. krónum árið 2010, þrátt fyrir mjög skertar vaxtatekjur.

Höfuðstóll sjóðsins pr. 31. 12. 2010 er kr. 5.437.387.-



Stjórnin staðfestir reikninginn, en hann er unninn af Bókráði / Sigurjóni Jónassyni eftir fjárhagsgögnum sjóðsins. Tímabært er að ákveða, hvernig á að halda áfram með sjóðinn, t.d. hvort gengið verði út frá því að honum verði lokað eftir ákv. árafjölda. og úthlutað eftirleiðis með því að ganga á höfuðstólinn, svo hann tæmist á endanum, þar sem reikna má með lágum vaxtatekjum áfram. Aðrir valkostir eru að úthluta lágum (og fáum) fjárhæðum árlega, en marmiðinu með stofnun sjóðsins verður vart náð með því. Stjórnin ákveður að úthluta kr. 500.000.- v/ ársins 2011.

7. **Úthlutun styrkja úr Msj. Ragnhildar B. Metúsalemsd. og Stefáns Péturssonar 2011.**

Umsækjendur eftir stafrófsröð:

Birna Helena Clausen,

Egill Gautason,

Egill Gunnarsson,

Þorsteinn Sigurður Sveinsson,

Þórunn Sigurðardóttir.

Ákveðið var að hver umsækjenda um sig fengi úthlutað kr. 100.000.-

8. **Kosningar / tilnefningar:**

a) Ósk frá umhverfisráðuneytinu dags. 19. sept. 2011 um tilnefningu SSA f.h. sveitarfélaga á Austurlandi í „Hreindýraráð“ (aðal- og varam. með hliðsjón af 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu karla og kvenna).

Ákveðið var að tilnefna Gauta Jóhannesson eða Þórunni Egilsdóttur. Það þeirra, sem ekki verður skipað sem aðalmaður í hreindýraráð, verði varamaður hins.

9. **Lokaundirbúningur aðalf. SSA 30. sept. og 1. okt. 2011:**

a) Menningarverðlaun SSA 2010. Formleg staðfesting. Frkvstj. kynnti niðurstöðu kosningar, sem fram fór í tölvupósti. Allir stjórnarmenn tóku þátt. Flest atkvæði fékk Sigríður Dóra Sverrisdóttir, Vopnafirði. Fyrir liggur að styrkfjárhæðin verður nýtt til menningarstarfs ungmenna á Vopnafirði. Alls voru tilnefnd 10 verkefni / einstaklingar.

b) Skýrsla stjórnar SSA til 45. aðalfundar.

Form. og frkvstj. gerðu grein fyrir málinu.

c) Tillögur frá stjórn, starfshópum og stoðstofnunum til 45. aðalfundar.

Ákveðið var fyrirkomulag við frágang endanlegra tillagna, en þær verða unnar á sérstökum vinnufundi að kvöldi 29. sept. og eftir atvikum að morgni 30. sept.

Fyrir liggja drög varðandi flesta málaflokka.

Eftir er að fullvinna tillögur að hluta til. (Sjá lið 9 c) vegna vinnufundar).

Undir þessum lið var lögð fram bókun frá eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd Fjarðabyggðar 26. sept. 2011 varðandi ákv. UST (Umhverfisstofnunar) að segja upp þjónustusamningum við HAUST. Vísað til lokafrágangs tillagna, sem leggja á fyrir aðalfundinn.

d) Bókun Menningarráðs Austurlands 7. sept. 2011. Vísað til aðalfundar.

e) Bókun stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands frá 1. sept. 2011. Vísað til aðalf. en á honum verða rædd málefni hans og annarra stoðstofnana í tengslum við verkefnið AST.

f) 45. Aðalfundur: Dagskrá, skipulag og framkvæmd.

I) Tillögur stjórnar um fundarstjóra og fundarritara:

Fundarstjórar: Elín Rán Björnsdóttir og Sigurjón Bjarnason

Fundarritarar: Helga Þórarinsdóttir og Ólafur Áki Ragnarsson.

II) Tillaga stjórnar til aðalfundar um 3 fulltrúa í kjörbréfanefnd:

Cecil Haraldsson, Unnur Björgvinsdóttir, Eydís Ásbjörnsdóttir

III) Tillaga stjórnar til aðalfundar um 3 fulltrúa í nefndanefnd:

Sigrún Blöndal, Jón Björn Hákonarson, Arnbjörg Sveinsdóttir.

IV) Starfsm. í „stjórnstöð“ verða Margrét Vera Knútsdóttir, Andrés Skúlason og BHG.



- g) Framlögð fjárhagsáætlun SSA árið 2012 og endursk. áætlun fyrir 2011. Stjórnin staðfestir útsend gögn.
- h) Ósk forstöðumanns Héraðsskjalasafns Austf. um að SSA hlutist um sameiginlegan fund forsvarsm. allra sveitarfélaganna um málefni safnsins í fundahléi á aðalfundinum. Málið er í vinnslu.

10. Önnur mál á stjórnarfundinum / skýrsla form. og frkvstj.

- a) Ráðning verkefnastjóra AST, verði af áformum um sameiningu stoðstofnana. Málið rætt. Vísað til næstu stjórnar SSA og samráðsfunda(r) fulltrúa SSA og forsvarsmanna annarra stoðstofnana um verkefnið.
- b) TAIEX styrkur kynntur. Sótt var um ferðastyrk fyrir fulltrúa SSA o.fl. til að fara kynnisferð til Írlands / Tipperary. Stjórn telur eðlilegt að 2 af þeim 3, sem styrkfjárhæðin nær til komi úr röðum SSA og að það verði form. og varaform. SSA.
- c) Farið yfir á túlkun á fjárlagaliðnum menningarmál og þeim breytingum, sem á úthlutun fjármagns m.a. til menningarmála, hafa verið boðaðar. Form. og frkvstj. falið að hlutast til um að málið verði rætt á vettvangi LHSS (landshlutasamtaka sveitarfélaga), en forsvarsmenn þeirra munu funda 12 okt.
- d) Lesin kveðja frá fyrrv. frkvstj. SSA, Þorvaldi Jóhannssyni. Henni mun verða komið til fundarstjóra á aðalfundinum með beiðni um að hún verði lesin fyrir fundarmenn.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 19:40.

Björn Hafþór Guðmundsson, fundarritari.